



Reykjavík, 30. september 2025
USK25040336

Smiðshöfði 19 – Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. ágúst 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 12. ágúst 2025 þar sem sótt er um byggingarheimild fyrir auglýsingaskilti á lóð nr. 19 við Smiðshöfða.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Smiðshöfða 19 borgarluta 8. grafarvogur og er hluti af miðsvæði, M4a.

Um M4 segir í aðalskipulagi Reykjavíkur:

Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótélum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Á svæði M4a, vestan Breiðhöfða, eru íbúðir heimilar, einkum á efri hæðum. Á svæði M4c (Keldur) er þó gert ráð fyrir íbúðarbyggð og tilheyrandi hverfiskjarna og samfélagsþjónustu. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum* í deiliskipulagi

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, athafna – og iðnaðarsvæði, samþykkt í borgarráði 10. mars 1999, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 19 við Smiðshöfða er iðnaðarhús byggt árið 1976.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á því hvort að hægt sé að koma fyrir stafrænu skilti á lóðinni, sem er fast við húsgafl hússins að Smiðshöfða 19 og teygir sig út á bílaplan á lóðinni. Skiltið er 5.76 m x 3.84 m, þ.e. 22,11 m².

Í kafla 3.2 í samþykkt um skilti í Reykjavík segir:

Tryggja skal við gerð og uppsetningu skilta að almenningi stafi ekki hættu af þeim og að þau valdi ekki tjóni á öðrum eignum. Útstæð skilti skulu vera minnst 4,20m yfir akbraut eða akfærum stígum eða bílastæðum og a.m.k. 2,60m yfir göngustígum og gangbrautum



Skv. aðaluppdráttum er skiltið fast við húshlið og er 4 m frá jörðu en er í heild 7.84 m hátt. Umrætt skilti er því of nálægt jörðu.

Í kafla 4.3.7. í samþykkt um skilti í Reykjavík segir að auki:

Stafræn skilti með ljósmyndum, kyrrum auglýsingum sem skiptast á (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) eru heimiluð, en skulu fylgja almennum ákvæðum um birtustig og hreyfingu. Hámarksstærð 0,5m².

Á aðaluppdráttum segir að verið sé að sækja um að fá að breyta eldra flettiskilti í stafrænt skilti. Ekki eru til samþykktir uppdrættir fyrir eldra flettiskilti og ekki er flettiskilti á húsinu eða lóðinni. Ekki hefur verið flettiskilti á þeirri staðsetningu sem sótt er um.

Því er um að ræða byggingarleyfi fyrir nýju skilti og gilda því ekki heimildir í samþykkt um skilti sem heimila að komið sé fyrir stafrænu skilti í stað flettiskiltis.

Niðurstaða

- Neikvætt tekið í erindið, samræmist ekki samþykkt um skilti í Reykjavík.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík